

Gróður við fyrirhugaða veglínu um Lágheiði

Hörður Kristinsson

Unnið fyrir Vegagerðina Akureyri

Gróður við fyrirhugaða veglínu um Lágheiði

Hörður Kristinsson

Unnið fyrir Vegagerðina Akureyri

NÍ-04015

Akureyri, júlí 2004



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

ISSN 1670-0120

		Reykjavík <input type="checkbox"/> Akureyri X
Skýrsla nr NÍ-04015	Dags, Mán, Ár 19.07.2004	Dreifing X Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Gróður við fyrirhugaða veglínu um Lágheiði		Upplag 35 stk
		Fjöldi síðna 10
Höfundur Hörður Kristinsson		Verknúmer A04 11 07 0
Unnið fyrir Vegagerðina Akureyri		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur Að beiðni Vegagerðarinnar tók Náttúrufræðistofnun Íslands að sér að kanna gróður á fyrirhugaðri veglínu yfir norðurhluta Lágheiðar sumarið 2004. Fyrirhuguð veglína er rúmir 5 km á lengd (stöðvar 13040 til 18100) og fylgir í stórum dráttum núverandi vegi. Niðurstöður könnunarinnar leiða í ljós að: <ol style="list-style-type: none"> 1. Nokkrar tegundir sjaldgæfra plantna á landsvísu vaxa á því svæði sem hér er fjallað um svo sem við mátti búast miðað við legu svæðisins. Engin þeirra er þó friðuð og aðeins ein er á valista, hjartafífill. 2. Auk hjartafífills fundust tvær aðrar sjaldgæfar tegundir, skollaber og þúsundblaðarós. Aðrar fágætar tegundir sem einkenna þetta svæði, skollakambur, bláklukkulyng og skrautpundur, fundust ekki á veglínunni. Báðar finnast annars staðar á svæðinu, nær fjallinu. 3. Fyrirhuguð veglína er í útjaðri þess fjölbreytta gróðursvæðis sem fylgir hólunum inn af Reykjum og fylgir núverandi þjóðvegi svo sem auðið er meðfram ánni. Hún er því vel ásættanleg frá sjónarmiði gróðurverndar eins og hún birtist á meðfylgjandi korti. Óásættanlegt væri hins vegar að færa hana að marki ofar og nær fjallinu því að þá sker hún hólsvæðið sundur þar sem mest er um sjaldgæfustu plönturnar. 		
Lykilorð Norðurland, Ólafsfjörður, Lágheiði, vegagerð, gróður		Yfirfarið SH/KJA

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
2	AÐFERÐIR	5
3	GRÓÐURLÝSING	5
4	SJALDGÆFAR TEGUNDIR	6
5	NIÐURSTÖÐUR	7
6	HEIMILDIR	7

SKRÁ YFIR TÖFLUR OG VIÐAUKA

1. tafla.	Yfirlit yfir helstu gróðurlendi sem veglínan liggur yfir.	6
1. viðauki.	Listi yfir plöntur fundnar á rannsóknasvæðinu.	8

1 INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðarinnar á Akureyri tók Náttúrufræðistofnun Íslands að sér að kanna gróður á veglínu yfir norðurhluta Lágheiðar sumarið 2004. Landslag á þessu svæði er mjög mishæðótt og liggur núverandi vegur, sem er afar mjór, í ótal krókum milli hólanna og yfir þá með mörgum blindhornum og blindhæðum. Fyrirhuguð veglína er rúmir 5 km á lengd (stöðvar 13040 til 18100) og fylgir í stórum dráttum núverandi vegi að öðru leyti en því að krókarnir eru teknir af og vegurinn er víða færður lítið eitt frá ánni og látinn fylgja hæðarbrúnum. Vettvangsvinna fór fram 5. júlí 2004.

2 AÐFERÐIR

Við gróðurathuganir var miðað við fyrirhugaða veglínu sem merkt hafði verið inn á kort af Vegagerðinni og eru númer stöðva sem vísað er til miðuð við það kort. Einnig hafði mestur hluti leiðarinnar verið merktur með hælum á vettvangi þegar athuganir fóru fram. Öll veglínan var gengin og gróður skoðaður út frá henni og tegundir skráðar. Einnig var farið yfir það sem áður var til um gróður á svæðinu og tekið tillit til þess við skýrslugerð.

Heildarlisti yfir tegundir skráðar á svæðinu í þessari könnun eru í viðauka á bls. 6. Plöntunöfn eru í samræmi við plöntuhandbókina (Hörður Kristinsson 1986).

3 GRÓÐURLÝSING

Gróður á Lágheiði hefur mikla samsvörun við þann gróður sem áður hefur verið lýst í skýrslum sem gerðar voru vegna fyrirhugaðra ganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar (Hörður Kristinsson og Guðmundur Guðjónsson 2000, Halldór G. Pétursson og Hörður Kristinsson 2000). Er því vísað til þeirra að því er varðar almennar upplýsingar um gróður á þessu svæði. Lágheiðin er afar snjóþung og á henni vaxa hinar sömu, sjaldgæfu einkennisplöntur hinna snjóþungu svæða nyrst beggja megin Eyjafjarðar frá Fljótum austur í Flateyjardal. Sumar þessara einkennisplantna fylgja mishæðum þeim sem áberandi eru í landslagi Lágheiðarinnar og vaxa einkum undir bröttum brekkum eða börðum. Best er gróður þessi þroskaður á lægri hluta heiðarinnar í nágrenni Reykja og yfirleitt nær fjallinu en þar sem veglínan liggur. Hún er skammt frá ánni og fylgir því útjaðri þess svæðis sem hefur fjölbreyttasta gróðurinn.

Landslag er afar mishæðótt á því svæði sem meginhluti veglínunnar liggur um, frá stöðvum 13040 til 17200. Víða eru allhár hólar og krappar dældir eða mýrarsund á milli. Gróðurinn mótast mjög af þessu landslagi. Þannig eru kollar eða bungur hæðanna venjulega með melagróðri eða þurrum mólendisgróðri þar sem holtasóley og krækilyng eru ríkjandi, oft með einhverju af hraungambra (mosanum *Racomitrium lanuginosum*). Norðurhlíð þeirra niður á flatlendi eru oftast þýfðir móar með ríkjandi aðalbláberjalyngi og bláberjalyngi og raunar myndar aðalbláberjalyngið oft kraga langleiðina í kring um hólana. Sunnan í þeim er þó oftast snjódældagróður með grasvíði, grámullu og fjallasmára. Á milli hæðanna eru oft sléttari kaflar með hallandi mýrlendi, oftast með ríkjandi mýrafinningi með allmiklu af lyfjagras, oft íblönduðum strjálungi af tjarnastör, mýrastör, klófifu, mýrelftingu, hrafnastör, ígulstör eða vetrarkvíðastör. Einnig koma fyrir blettir með ríkjandi klófifu, finnugsdældir með samfelldum finnugsbreiðum eða þá með grasríkum, þýfðum móum. Þetta mynstur endurtekur sig aftur og aftur upp að stöð 17200.

Þar fyrir ofan, frá stöð 17200 til 18100 er landið allt flatara. Þar skiptast á vægt hallandi harðbalaflóar með hengistör, grasvíði og klófifu annars vegar og hins vegar grasleitir móar með stinnastör, ilmreyr og grasvíði. Austan við sæluhúsið er land heldur blautara, votlendi

með hengistör, mýrelftingu, mýrastör ásamt pollum með tjarnastör og fergini, einnig eru smálindakeldur meðfram veginum.

Ef veglínunni er skipt upp eftir þeim gróðurlendum sem raskað er með vegagerðinni kemur í ljós að 1965 m eða tæp 40% af hinni 5060 m löngu veglínu liggur eftir núverandi vegi eða í raski meðfram honum. 1300 m (rúm 25%) fara yfir mýrarhöll, sem eru að langmestu leyti snjóþungar finnungsmýrar, en afgangurinn er þurrlendi, hólkollar með melum eða þurrum krækilyngs- holtasóleyjarmóum að ofan, mólendiskragar í kring um þá eða ýmsar gerðir af snjódældagróðri einkum sunnan undir þeim. Nánari sundurliðun á þessum gróðurlendum er sýnd í 1. töflu.

1. tafla. Yfirlit yfir helstu gróðurlendi sem veglínan liggur yfir.

Gróðurlendi sem veglínan fer yfir	Vegalengd	%
Núverandi vegur og rask meðfram honum	1965 m	38,9%
Mýrarhöll, mest snjóþungar finnungsmýrar	1300 m	25,7%
Melar og grýttir, þurrir krækilyngs- og holtasóleyjarmóar	695 m	13,7%
Meðalrakt mólendi, aðalbláberjalyngs- og grasmóar	635 m	12,5%
Snjódældagróður af mismunandi gerðum	465 m	9,2%
Samtals:	5060 m	100%

4 SJALDGÆFAR TEGUNDIR

Eins og áður var getið er óvenju mikið um plöntur á þessu svæði sem eru sjaldgæfar á landsmælikvarða líkt og áður var lýst í umfjöllun um leiðina milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Heildarlista yfir þær tegundir sem skráðar voru er að finna í viðauka á bls. 8. Engar alfriðaðar plöntur fundust við veglínuna yfir Lágheiði en ein tegund, **hjartafífill**, er hins vegar flokkuð á válista sem tegund í yfirvofandi hættu. Hjartafífill fannst á einum stað í þessari könnun á veglínunni, undir grónu barði við votlendisjaðar við stöð 13430-35, skammt fyrir innan Reyki. Hann hefur ekki fundist áður á Reykjum en líklegt verður þó að teljast að meira sé af honum ofar og nær fjallinu þótt ekki væri gengið úr skugga um það nú. Hjartafífillinn er áður þekktur frá Kvíabekk í Ólafsfirði (Ingimar Óskarsson 1929) og frá Þverárdal og Skeggjabrekkudal (Helgi Hallgrímsson 1968). **Skollaber** fannst á tveim stöðum í þessari könnun, á einum stað á veglínunni við stöð 13860 var þétt breiða á litlum bletti í skeifulaga grunnri dæld á milli hólkolla. Hinn staðurinn var nokkru ofar en veglínan. **Skollakambur** fannst ekki við þessa könnun en hefur fundist einu sinni áður við Reyki, alllangt fyrir ofan núverandi veglínu. Lítið eitt fannst af **þúsundblaðarós** á tveim stöðum við veglínuna en vitað er að miklu meira er af henni ofar og nær fjallinu. Hvorki **skrautpundur** né **bláklukkulyng** fundust við veglínuna hér og engar heimildir eru um þessar plöntur svo innarlega í Ólafsfirði sem Lágheiðin er.

5 NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður þessarar könnunar eru í stuttu máli þessar:

1. Nokkrar tegundir plantna sjaldgæfar á landsmælikvarða vaxa á því svæði sem hér er fjallað um, svo sem við mátti búast í samræmi við legu þess. Engin þeirra er þó friðuð og aðeins ein á valista, **hjartafífill**.
2. Auk hjartafíffils fundust tvær aðrar sjaldgæfar tegundir, **skollaber** og **þúsundblaðarós**. Aðrar fágætar tegundir sem einkenna þetta svæði, skollakambur, bláklukkulyng og skrautpundur, fundust ekki á veglínunni. Báðar finnast annars staðar á svæðinu, nær fjallinu.
3. Fyrirhuguð veglína er í útjaðri þess fjölbreytta gróðursvæðis sem fylgir hólunum inn af Reykjum og fylgir núverandi þjóðvegi svo sem auðið er meðfram ánni. Hún er því vel ásættanleg frá sjónarmiði gróðurverndar eins og hún birtist á meðfylgjandi korti. Óásættanlegt væri hins vegar að færa hana að marki ofar og nær fjallinu því að þá sker hún hólsvæðið sundur þar sem mest er um sjaldgæfustu plönturnar.

6 HEIMILDIR

- Halldór G. Pétursson og Hörður Kristinsson 2000. Jarðgöng úr Siglufirði í Ólafsfjörð – Fljótaleið, jarðfræði og gróður. NÍ-00016. 32 bls.
- Helgi Hallgrímsson 1968. Flórunýjungar 1967. Flóra 6: 82-84.
- Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin, blómplöntur og byrkningar. Örn og Örlygur, Reykjavík, 304 bls.
- Hörður Kristinsson og Guðmundur Guðjónsson 2000. Gróður við fyrirhugaða veglínu vegna ganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. NÍ-00001. 18 bls.
- Ingimar Óskarsson 1929. Nýjungar úr gróðurriki Íslands II. Skýrsla hins íslenska Náttúrufræðifélags 1927-1928: 38-48.
- Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson, Hörður Kristinsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2001. Kárahnjúkavirkjun. Áhrif Háslóns á gróður, smádýr og fugla. Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-01004. 231 bls.

1. Viðauki. Listi yfir plöntur fundnar á rannsóknasvæðinu.

Skýringar við dálka: 1: Nyrsti hluti veglínu næst Reykjum. 2: Miðhluti veglínu á Lágheiði norðanverðri. 3: Syðsti hluti veglínu efst á Lágheiði að sýslumörkum sunnan Sæluhúss.

Skýringar við algengnimat (sbr. Sigurður H. Magnússon o.fl. 2001).

■■■	Finnst víðast hvar	□□□	Yfirleitt í miklu magni
■■	Finnst nokkuð víða	□□	Yfirleitt í nokkru magni
■	Fáir fundarstaðir	□	Yfirleitt í litlu magni

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Algengni á landsvísu	Algengni		
			1	2	3
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>	■■■□□□	X	X	
Skriðlingresi	<i>Agrostis stolonifera</i>	■■■□□□		X	X
Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>	■■■□□□	X	X	
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	■■■□□□	X	X	X
Mariustakkur	<i>Alchemilla filicaulis</i>	■■■□□□	X	X	
Hnoðamariustakkur	<i>Alchemilla glomerulans</i>	■■■□□□	X	X	X
Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>	■■■□□□			X
Ílmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	■■■□□□	X	X	X
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	■■■□□□	X	X	
Þúsundblaðarós	<i>Athyrium distentifolium</i>	■■□□	X		
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>	■■■□□□	X	X	
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	■■■□□□	X	X	
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	■■■□□□	X	X	X
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>	■■■□□□	X		
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>	■■■□□□	X		X
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	■■■□□□	X	X	
Hrafnaklukka	<i>Cardamine pratensis</i>	■■■□□□		X	X
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	■■■□□□	X	X	X
Blátoppastör	<i>Carex canescens</i>	■■■□□□			X
Vetrarkvíðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>	■■■□□□	X	X	
Sérbylisstör	<i>Carex dioica</i>	■■■□□□	X	X	
Ígulstör	<i>Carex echinata</i>	■■□□	X		
Rjúpastör	<i>Carex lachenalii</i>	■■■□□□	X	X	X
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	■■■□□□	X	X	X
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>	■■■□□□	X	X	
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>	■■■□□□	X	X	X
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>	■■■□□□	X	X	X
Rauðstör	<i>Carex rufina</i>	■■□□		X	
Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>	■■■□□□	X	X	X
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>	■■■□□□	X	X	
Mosalýng	<i>Cassiope hypnoides</i>	■■■□□□		X	X
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>	■■■□□□	X	X	X
Lækjafræhyrna	<i>Cerastium cerastoides</i>	■■■□□□	X	X	X
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>	■■■□□□	X	X	X
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>	■■■□□□	X	X	X
Kræklurót	<i>Corallorrhiza trifida</i>	■■■□□	X		
Skollaber	<i>Cornus suecica</i>	■■□	X	X	
Hjartafífill	<i>Crepis paludosa</i>	■□	X		
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>	■■■□□□		X	X
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>	■■■□□□	X	X	X
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>	■■■□□□	X	X	X
Litunarjafni	<i>Diphasiastrum alpinum</i>	■■□□	X	X	X
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>	■■■□□□	X	X	
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	■■■□□□	X	X	X

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Algengni á landsvísu	Algengni		
			1	2	3
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>	■■■■□□	X	X	
Fjalladúnurt	<i>Epilobium anagallidifolium</i>	■■■■□□		X	X
Heiðadúnurt	<i>Epilobium hornemannii</i>	■■■■□□	X	X	X
Ljósadúnurt	<i>Epilobium lactiflorum</i>	■■■■□□		X	
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>	■■■■□□		X	
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	■■■■□□	X	X	X
Fergin	<i>Equisetum fluviatile</i>	■■■■□□			X
Eski	<i>Equisetum hyemale</i>	■■■■□□		X	
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>	■■■■□□	X	X	X
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>	■■■■□□	X	X	X
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>	■■■■□□	X		
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>	■■■■□□	X	X	X
Hrafnafífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	■■■■□□	X	X	X
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>	■■■■□□		X	
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>	■■■■□□	X	X	
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	■■■■□□	X	X	
Hvítmaðra	<i>Galium pumilum</i>	■■■■□□	X	X	X
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>	■■■■□□	X		
Fellafífill	<i>Hieracium alpinum</i>	■■■■□□	X		
Undafífill	<i>Hieracium sp.</i>	■■■■□□	X		
Reyrgresi	<i>Hierochloa odorata</i>	■■■■□□	X	X	X
Skollafingur	<i>Huperzia selago</i>	■■■■□□	X	X	X
Þráðsef	<i>Juncus filiformis</i>	■■■■□□	X	X	X
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	■■■■□□	X	X	X
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>	■■■■□□		X	
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>	■■■■□□	X		X
Skarífífill	<i>Leontodon autumnalis</i>	■■■■□□	X	X	
Hjartatvíblaðka	<i>Listera cordata</i>	■■■■□□	X	X	
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	■■■■□□	X	X	
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	■■■■□□	X	X	X
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	■■■■□□	X	X	X
Dökkhæra	<i>Luzula sudetica</i>	■■■■□□	X		X
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>	■■■■□□		X	
Lyngjafni	<i>Lycopodium annotinum</i>	■■■■□□	X	X	
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>	■■■■□□	X		
Melanóra	<i>Minuartia rubella</i>	■■■■□□		X	
Gelym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	■■■■□□	X		
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>	■■■■□□	X	X	X
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>	■■■■□□	X	X	X
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>	■■■■□□		X	
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>	■■■■□□	X	X	X
Íslandsfífill	<i>Pilosella islandica</i>	■■■■□□	X		
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	■■■■□□	X	X	
Friggjargrös	<i>Platanthera hyperborea</i>	■■■■□□	X		
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>	■■■■□□		X	X
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>	■■■■□□		X	X
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>	■■■■□□	X	X	X
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>	■■■■□□	X	X	X
Skjaldburkni	<i>Polystichum lonchitis</i>	■■■■□□	X	X	
Grasnykra	<i>Potamogeton gramineus</i>	■■■■□□			
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>	■■■■□□	X		
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>	■■■■□□		X	X

Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Algengni			
		á landsvísu	1	2	3
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>	■■■■□□	x	x	x
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	■■■■□□	x	x	x
Trefjasóley	<i>Ranunculus hyperboreus</i>	■■■■□□			x
Flagasóley	<i>Ranunculus reptans</i>	■■■■□□		x	
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	■■■■□□		x	x
Skammkrækill	<i>Sagina procumbens</i>	■■■■□□		x	x
Gráviðir	<i>Salix callicarpaea</i>	■■■■□□	x	x	x
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>	■■■■□□	x	x	x
Loðviðir	<i>Salix lanata</i>	■■■■□□	x	x	x
Gulviðir	<i>Salix phylicifolia</i>	■■■■□□	x		
Mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>	■■■■□□			x
Vetrarsteinbrjótur	<i>Saxifraga oppositifolia</i>	■■■■□□		x	
Lækjasteinbrjótur	<i>Saxifraga rivularis</i>	■■■■□□		x	
Stjörnusteinbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>	■■■■□□	x	x	x
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>	■■■■□□		x	
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>	■■■■□□	x	x	x
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>	■■■■□□		x	x
Lambgras	<i>Silene acaulis</i>	■■■■□□	x	x	x
Túnfífill	<i>Taraxacum sp.</i>	■■■■□□	x	x	x
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	■■■■□□	x	x	
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	■■■■□□	x	x	
Sýki gras	<i>Tofieldia pusilla</i>	■■■■□□	x	x	
Mýrafinnungur	<i>Trichophorum caespitosum</i>	■■■■□□	x	x	
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustris</i>	■■■■□□	x		
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>	■■■■□□		x	
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>	■■■■□□	x	x	x
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	■■■■□□	x	x	x
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>	■■■■□□	x	x	x
Steindepla	<i>Veronica fruticans</i>	■■■■□□	x		
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>	■■■■□□		x	x
Týsfjóra	<i>Viola canina</i>	■■■■□□		x	
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>	■■■■□□	x	x	x